



Borgarráð

### ***Nauthólsvegur - lóðarvilyrði***

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Félagsbústöðum, kt. 510497-2799, Þönglabakka 4, 109 Reykjavík, vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 12 íbúðum á nýju þróunarsvæði við Nauthólsveg. Lóðarvilyrði þetta verður bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Að deiliskipulag um lóðina fáist samþykkt fyrir lok árs 2023.
2. Að Reykjavíkurborg og Íbúðalánasjóður samþykki að veita félaginu stofnframlag á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir og reglugerðar 555/2016 um stofnframlög ríkis og sveitafélaga, húsnæðissjálfsseignastofnanir og almennar íbúðir, auk reglna Íbúðalánasjóðs og Reykjavíkurborgar um stofnframlög vegna íbúða á lóðinni.
3. Að umræddur fjöldi íbúða rúmist innan stakstæðra bygginga samkvæmt deiliskipulagi svæðisins.

Greinagerð:

Á svæðinu hefur verið byggð háskólabygging og skv. síðustu deiliskipulagsbreytingu er á lóð Háskólagarða Háskólans í Reykjavík (HR) gert ráð fyrir íbúðabyggð, aðallega námsmannaíbúðum, ásamt þjónustu og leikskóla. Með samkomulagi dags. 18. okt. 2017 þegar HR fékk lóðinni úthlutað var það ákveðið til að tryggja félagslega blöndun að Reykjavíkurborg fengi til ráðstöfunar tvær stakstæðar byggingar.

Lóðarvilyrði þetta gerir ráð fyrir að Félagsbústaðir fái byggingarrétt fyrir allt að 12 íbúðir. Verð byggingarréttta fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatanagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Með lögum 52/2016 um almennar íbúðir var ákveðið að sveitarfélög og ríki gætu komið að fjármögnun íbúða á leigumarkaði með framlögum til sjálfseignastofnana eða lögaðila sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sbr. 1. mgr. 10 gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Félagsbústaðir er slík sjálfseignarstofnun. Lóðarvilyrði þetta byggir á viljayfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Alþýðusambands Íslands, dags. 12. mars 2016.

Við veitingu stofnframlags er framlag ríkisins 10% en framlag sveitarfélaga er 12% af heildar kaupverði eða byggingakostnaði íbúða. Íbúðalánasjóður annast samþykki fyrir veitingu stofnframlags f.h. ríkisins. Ríkið gerir það að skilyrði fyrir veitingu stofnframlags að Reykjavíkurborg hafi veitt samþykki sitt fyrir veitingu stofnframlags, sbr. 7. mgr. 11. gr. laga um almennar íbúðir.

Heimilt er að setja það skilyrði að stofnframlag verði endurgreitt þegar lán sem tekin eru í upphafi vegna framkvæmda eða kaupa á húsnæði hafa verið greidd upp, sbr. 8. mgr. 11. gr.



Reykjavíkurborg

laga um almennar íbúðir. Gert er ráð fyrir að kvöðum um stofnframlag Reykjavíkurborgar verði þinglýst á leiguíbúðir þegar stofnframlag hefur verið samþykkt og mun Íbúðalánasjóður annast gerð og þinglýsingu þeirra.

Ívar Örn Ívarsson  
*Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara*